

Borgarráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístafllokks um verkefni sem falla undir kostnaðarstað 07160

Á fundi borgarráðs þann 25. október sl. var svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístafllokks lögð fram:

Í tillögu borgarstjóra sem lögð var fram á fundi borgarráðs 25. október sl. um styrk til Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík er lagt til að kostnaðurinn verði greiddur af kostnaðarstað 07160, Atvinnuþróunaráttak/ sóknaráætlun. Hvaða önnur verkefni hafa fallið undir þann lið á þessu og síðasta ári? Hver er lýsingin á þessum lið og/eða verkefnum sem falla undir þennan lið?

Óskað var eftir umsögn fjármálaskrifstofu um fyrirspurnina þann 5. nóvember sl.

Fjármálaskrifstofa hefur ekki skráða lýsingu á notkun einstakra kostnaðarstaða eða verkefnum sem undir þeim eru en heiti kostnaðarstaða skulu að jafnaði vera lýsandi fyrir þá starfsemi og kostnað sem falla undir þá.

Samkvæmt bókhaldi Reykjavíkurborgar hefur eftirfarandi verið fært á kostnaðarstað 07160 atvinnuáttak/sóknaráætlun árin 2017 og 2018. Áætlaður kostnaður á þennan kostnaðarstað var 15.000.000 kr. árið 2017 og 15.000.000 kr. árið 2018.

Framlag v. sóknaráætlunar/ markaðssetning, SSH	5.000.000	2017
Flóasiglingar Akraness, Sæferðir ehf.	12.250.000	2017
Framlag v. eflingar líftækniklasa	5.000.000	2018
Flóasiglingar Akraness, Sæferðir ehf.	2.450.000	2018
Styrkur vegna 15 ára afmælis RIFF	2.000.000	2018

Samtals

26.700.000 kr.

Birgir B. Sigurjónsson
fjármálastjóri